



TALNASTÍGUR

LEIÐBEININGAR

*Þinn stígur.
Þinn hraði. Þín markmið.*



HVAÐ ER TALNASTÍGUR?

Talnastígur er íslenskt stærðfræðinámsefni sem á rætur að rekja til Lotukerfisins, námsefnis sem varð til og þróaðist í um tuttugu ára kennslustarfi með unglingum.

Efnið hefur nú verið endurskoðað, endurhannað og fært til nútímans undir nafninu Talnastígur.

Talnastígurinn skiptist í **27 áfanga**.

Hver áfangi tekur fyrir afmarkaðan þátt stærðfræðinnar og byggir áfram á því sem áður hefur verið lært.



HUGSUNIN Á BAK VIÐ TALNASTÍGINN

Grunnhugmyndin er einföld:

Nemendur eru ólíkir – námshraðinn má því líka vera ólíkur.

Í Talnastígnum eiga nemendur að geta unnið á sínum hraða og sínum forsendum. Einn nemandi gæti þurft lengri tíma og meiri æfingu á meðan annar er tilbúinn að halda fljótt áfram.

Nemandi og foreldri ákveða saman fyrirfram hvaða árangri stefnt er að og á hvaða hraða.

Markmiðið er ekki að allir séu á sömu blaðsíðu á sama tíma heldur að hver nemandi fái tækifæri til að skilja, æfa og ná tökum á efninu áður en haldið er áfram.

Talnastígurinn er fyrir alla sem vilja ná góðum tókum og árangri í stærðfræði – óháð aldri og bakgrunni.



FYLGISKJÖL TALNASTÍGSINS

Með Talnastígnum fylgja verkfæri sem hjálpa nemanda og foreldrum að halda utan um námið:



YFIRLITSBLAÐ

Gefur yfirsýn yfir áfangana og framvindu nemandans.



ÁÆTLUNARBLAÐ

Nemandi skipuleggur vinnuna og skráir hvernig náminu miðar áfram.



ÁFANGAKORT

Stutt yfirlit yfir helstu atriði áfangans sem nemandi má hafa með sér í próf. Að útbúa og nota góðan „svindlmiða“ er líka hluti af náminu.



KYNNINGARBRÉF TIL FORELDRA

Útskýrir Talnastígin og hvernig foreldrar geta stutt við námið.



SVONA VIRKAR HVER ÁFANGI

Hver áfangi inniheldur námsefni, sýnidæmi, verkefni, æfingar og lausnir. Þegar nemandi telur sig hafa náð tökum á efninu tekur hann próf. Með hverjum áfanga fylgja þrjú próf – A, B og C. Prófin eru ekki hugsuð sem þrjú próf sem allir þurfa að taka. Þau gefa nemandanum fleiri en eitt tækifæri til að sýna að hann hafi náð markmiðum.



LÆRA

Lesi námsefni og skoði sýnidæmi.



ÆFA

Leysi verkefni og æfingar.



TAKA PRÓF

Taka próf A, B eða C þegar nemandi telur sig tilbúinn.



SKILA

Skila prófinu rafrænt í gegnum verkefnakerfið.



FÁ ENDURGJÖF

Fá endurgjöf og sjá hvað gekk vel og hvað má bæta.



NÆSTA SKREF

Ef markmiðinu er náð er haldið áfram. Ef ekki, er æft betur og reynt aftur þegar nemandi er tilbúinn.

★ Þannig verður prófið hluti af námsferlinu, ekki bara lokapunktur þess.



VERÐ

TALNASTÍGUR – HEIMA

4.990 kr.

- Einn áfangi sem flettibók
- Fylgiskjöl
- Þrjú próf (A, B og C)
- Endurgjöf



TALNASTÍGUR – MEÐ STUÐNINGI

9.990 kr.

- Einn áfangi sem flettibók
- Fylgiskjöl
- Þrjú próf (A, B og C)
- Endurgjöf
- Einn stuðningstími í myndsímtali



Nánari upplýsingar og áskrift á: byragnar.com/talnastigurinn



GOTT AÐ HAFI Í HUGA

- ✓ Það er enginn sérstakur „réttur hraði“ í Talnastígnum.
- ✓ Sumir þurfa að staldra við.
- ✓ Aðrir geta tekið stærri skref.
- ✓ Stundum þarf að fara aðeins til baka áður en haldið er áfram.

*Það skiptir ekki mestu máli
hversu hratt þú gengur stígin –
heldur að þú vitir hvert
þú ert að fara.*

Þinn stígur. Þín framtíð.



Talnastígurinn er fyrir nemendur sem vilja ná góðum tókum og árangri í stærðfræði – á sínum aldri og á sínum forsendum.